



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2020
Tilvísun: 202003-0001/00.03

Umsögn Þjóðminjasafns Íslands – viðhald og varðveisla gamalla báta - 308. mál

Þjóðminjasafn Íslands lýsir yfir ánægju með *tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta*, sbr. þingskjal 349 - 308. mál, 150. löggjafarþing 2019-2020.

Í tillögunni er lagt til „að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta“, sem fjármagnaður verður með framlögum úr ríkissjóði og frá sjávarútveginum. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi stjórn og hliðstætt varðveislukerfi og hjá húsafríðunarsjóði. Undir þessar hugmyndir er tekið en bent á að varðveisla á skipum og bátum er frábrugðin húsvernd, eðli málsins samkvæmt. Því er mikilvægt er að í stjórn fái sæti fagfólk með þekkingu á eldri bátum og varðveislu þeirra. Samkvæmt greinargerð með þingsályktunartillögunni virðist eingöngu tekið mið af bátum í eigu minjasafna. Um 175 bátar eru nú í eigu safna, setra og sýninga, sbr. *Fornbátaskrá 2019*, auk 15 friðaðra báta sem eru á skipaskrá. Nauðsynlegt er fyrir söfn að geta sótt styrk í sjóð sem þennan.

Auk báta í söfnum er töluverður fjöldi eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa. Margir af þeim eru ekki á skipaskrá vegna smæðar sinnar og enn á floti, a.m.k. hluta ársins. Sumir þeirra njóta friðunar á grundvelli aldurs, en yfirsýn vantar. Brýnt er að taka saman lista yfir þessa báta og afla sem fyllstra upplýsinga um þá, sérstaklega þá sem eru smíðaðir fyrir 1950. Að mati Þjóðminjasafnsins er mikilvægt að eigendum eldri báta, annarra en safna, verði heimilt að sækja um í bátasjóðinn. Bæði getur verið um að ræða báta sem ekki eru á floti, t.d. Vigur-Breið, elsta bát landsins, og báta sem eru sjóhæfir.

Eitt af markmiðum sjóðsins ætti að vera stuðningur við þá sem leitast við að halda eldri skipum og bátum sínum á floti og í einhverri notkun. Áhersla verði lögð á stuðning við eigendur báta sem ekki hafa möguleika á að standa undir viðgerðarkostnaði án fjárstyrks. Þannig er málum háttað í Skandinavíu, þar sem er áhersla á að styrkja báta sem eru sjófærir eða ætlunin er að gera haffæra. Mjög mikið var um opna trébáta hér á landi, sem víða má enn sjá í höfnum landsins, og ættu þeir að geta notið fjárstuðnings. Nú eru verkfæri til staðar sem komið geta að góðu gagni við vandaða úrvinnslu á umsóknum í bátasjóð, en það eru *Fornbátaskrá 2019* og *Leiðarvísir við mat á varðveislugildi eldri skipa og báta*.

Þá ætti slíkur sjóður að veita styrki til að halda námskeið í bátasmið og bátaviðgerðum og til að sinna rannsóknum og frampróunarverkefnum á sviði bátaarfleiðar á Íslandi.

Virðingarfyllt,

Margrét Hallgrímsdóttir
Þjóðminjavörður